

152. fundur skráningarráðs, 20. nóvember 2025.

Vinnufundur haldinn á Akureyri kl. 9-15.

Mætt voru: María Bjarkadóttir, Sigríður Vilhjálmsdóttir, Sigurgeir Finnsson, Þorsteinn Doddi Jónsson

Einnig sátu fundinn Kristín Lilja Thorlacius Björnsdóttir gæðastjóri Gegnis og Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri Gegnis.

Sigríður Vilhjálmsdóttir tók niður punkta.

Gervigreindaraðstoð í lýsingaritli.

KL fór yfir hvernig hægt er að nota gervigreindina við gerð bókfræðifærslu.

Bækur voru skráðar með aðstoð gervigreindar og færslur yfirfarnar. Færslurnar eru ekki góðar og nauðsynlegt að yfirfara hvert svið. Stundum koma betri færslur ef prófað er aftur.

Nauðsynlegt er að gera prófanir og útbúa fix á færslur unnar með aðstoð gervigreindar áður en opnað verður á leyfi til skrásetjara.

Skráningarráðið fær aðgang að gervigreindar appi *Alma mobile 2* til að prófa.

KL mun senda tilkynningu á Vöndu til aðvörunar um að *skráningarráð hefur hafið vinnu við að prófa nýja virkni í Ölmum sem nýtir gervigreind til þess að búa til bókfræðifærslur út frá myndum af viðföngum*. Skrásetjarar geta séð færslur merktar gervigreind þar sem þær eru merktar í sviði 040 og 588.

Stefnt er er að því að kynna þetta nýja verklag á fræðslufundi skrásetjara 28. maí. 2026 og í framhaldinu að allir skrásetjarar fái aðgang að skráningu með gervigreind og að *Alma mobile 2* appinu.

RDA – nýjar reglur

Kristín býr til plan fyrir uppfærslu RDA og sendir á Skráningarráð í lok nóvember.

Hér vitna ég í grein KL **IFLA LRM og RDA skráningarreglurnar**:

Árið 2016 voru RDA-reglurnar innleiddar í Gegni og hafa skráningarfærslur í kerfinu síðan þá byggt á þeim.

RDA-reglurnar eru gefnar út á vefnum RDA Toolkit og í maí 2027 verður upprunalegu útgáfu þeirra endanlega „lokað“ og ný útgáfa tekur alfarið við. Eftir þann tíma verður aðeins hægt að nálgast og nota nýju RDA-reglurnar sem skráningarviðmið. Af þessu er ljóst að Gegnissöfnin verða að hefja vinnu fljótlega við að innleiða nýju RDA-reglurnar og búa til svokallaðan skráningarprófíl. Til þess að sú vinna takist vel, er mikilvægt að við höfum góðan skilning á hugmyndafræðilegri undirstöðu þeirra, LRM líkaninu.

Skráningarráðið mun taka þátt í að gera samanburð á orginal RDA og nýju reglunum.

KL setti á TEAMS hópinn skjal þar sem við eigum að fylla út og bera saman eldri RDA reglur og nýju reglurnar. Á næsta fundi verður farið betur yfir skjalið og hvernig við skiptum á milli okkar vinnunni, KL mun senda okkur dæmi. Þetta er mikið verkefni og þarf að vera lokið fyrir mars 2026.(?)

Roadmap 2026

Farið var í gegnum Roadmap næsta árs frá ExLibris fyrir nýjungar í skráningu og lýsigögnum. Tókum niður það sem þótti áhugavert og vert er að fylgjast sérstaklega með. SH sendir okkur tengil á roadmap með verkáætlun og samantekt.

Óvirkir tenglar í Ölm

SH nefndi tiltekt í Network Zone.

Nauðsynlegt að yfirfara og henda óvirkum tenglum út úr kerfinu.

SH ætlar að útbúa minnisblað fyrir þá vinnu.